

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Stella Rúnarsdóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 22. júní 2022
UST202206-169/B.S.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - lýsing - Virkjanir á svæði Þjórsá og Tungnaá. Umsögn

Vísað er til erindis skipulags- og byggingafulltrúa Uppsveita bs. dags. 16. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda lýsingu á deiliskipulögum og deiliskipulagsbreytingu sem felst í því að festa í sessi núverandi landnotkun og heimila aflaukningu Hrauneyjarfoss-, Sigöldu – og Vatnsfellsstöðva. Til að auka afl þessara virkjana er gert ráð fyrir ýmsum framkvæmdum sem felast í breytingu og stækkun mannvirkja sem þegar eru til staðar s.s. stækkun stöðvarhúss og breikkun frárennslisskurðar.

Hér er um að ræða aflaukningu virkjana sem þegar eru til staðar og ekki verða önnur umhverfisáhrif en breytingar á núverandi mannvirkjum. Umhverfisstofnun hefur haft væntingar um að bætt nýting vatns á virkjanasvæði Þjórsár/Tungnár auk nýrra virkjana í neðri Þjórsá sem nýta mun rennsli sem þegar er stýrt gæti mögulega haft þau áhrif að ekki verði ráðist í nýjar virkjanir á áður óröskuðum svæðum. Umhverfisáhrif slíkra framkvæmda eru að mati Umhverfisstofnunar mikið meiri en þau sem felast í bættri nýtingu og aukinni orkuframleiðslu á einu stærsta orkuvinnslusvæði landsins þar sem innviðir eru til staðar s.s. vegir og háspennulínur og vatnsrennsli þegar stýrt nánast frá Sprengisandi og til sjávar.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrædda lýsingu.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur